

EDDA

(SKÁLDSKAPARMÁL, CAP. 37 [39] — 39 [41—42])

Svá er sagt, at þá er æsir fóru at kanna heim, Ódinn ok Loki ok Hœnir, þeir kómu at á nokkuri ok gengu með ánni til fors nokkurs, ok við forsinn var otr einn ok hafði tekit lax ór forsinum ok át blundandi. Þá tók Loki upp stein ok kastaði at otrinum ok laust í höfuð honum. Þá hrósaði Loki veidi sinni, at hann hefði veitt í einu hoggvi otr ok lax, tóku þeir þá laxinn ok otrinn ok báru eptir sér, kómu þá at bæ nokkurum ok gengu inn. En sá búandi er nefndr Hreiðmarr, er þar bjó, hann var mikill fyrir sér ok mjök fjölkunnigr; beiddusk æsir at hafa þar náttstað ok kváðusk hafa með sér vist erna ok sýndu búandanum veidi sína. En er Hreiðmarr sá otrinn, þá kallaði hann sonu sína Fáfni ok Regin ok segir, at Otr, bróðir þeira, var drepinn ok svá, hverir þat höfðu gert. Nú ganga þeir fedgar at ásunum ok taka þá hǫndum ok segja þá um otrinn, at hann var sonr Hreiðmars. Æsir bjóða fyrir sik fjǫrlausn, svá mikit fé, sem Hreiðmarr sjálfir vill á kveða, ok varð þat at sætt með þeim ok bundit svarðögum. Þá var otrinn fleginn; tók Hreiðmarr otrbelginn ok mælti við þá, at þeir skolu fylla belginn af rauðu gulli ok svá hylja hann allan, ok skal þat vera at sætt þeira.

Þá sendi Ódinn Loka í Svartálfaheim, ok kom hann til dvergs þess, er heitir Andvari; hann var fiskr í vatni, ok tók Loki hann hǫndum ok lagði á hann fjǫrlausn alt þat gull, er hann átti í steini sínum. Ok er þeir koma í steininn, þá bar dvergrinn framm alt gull, þat er hann átti, ok var þat allmikit fé. Þá svipti dvergrinn undir hǫnd sér einum lítlum gullbaug; þat sá Loki ok bað hann fram láta bauginn. Dvergrinn bað hann eigi bauginn af sér taka ok lézk mega æxla sér fé af bauginum, ef hann heldi. Loki kvað hann eigi skyldu hafa einn penning eptir ok tók bauginn af honum ok gekk út, en dvergrinn mælti, at sá baugr skyldi vera hverjum höfuðsbani, er ætti. Loki segir, at honum þótti þat vel, ok sagði, at þat skyldi haldask mega fyrir því, sá formáli, at hann skyldi flytja þeim til eyrna, er þá tæki við. Fór hann í braut ok kom til Hreiðmars ok sýndi Ódni gullit; en er hann sá bauginn, þá sýndisk honum fagr ok tók hann af fénu, en greiddi Hreiðmari gullit; þá fylði hann otrbelginn, sem mest mátti hann, ok setti upp, er fullr var; gekk þá Ódinn til ok skyldi hylja belginn með gullinu, ok þá mælti hann við Hreiðmar, at hann skal sjá, hvárt belgrinn er þá allr huldr, en Hreiðmarr leit á vandliga ok sá eitt granahár ok bað þat hylja, en at qðrum kosti væri lokit sætt þeira. Þá dró Ódinn framm bauginn ok hulði

granahárit ok sagði, at þá váru þeir lausir frá otrgjöldunum. En er Ódinn hafði tekit geir sinn en Loki skúa sína ok þurptu þá ekki at óttask, þá mælti Loki, at þat skyldi haldask, er Andvari hafði mælt, at sá baugr ok þat gull skyldi verða þess bani, er ætti, ok þat helzk síðan.

Hreidmarr tók þá gullit at sonargjöldum, en Fáfñir ok Reginn beiddusk af nokkurs í bróðurgjöld; Hreidmarr unni þeim enskis pennings af gullinu. Þat varð óráð þeira bræðra, at þeir drápu fōður sinn til gullzins. Þá beiddisk Reginn, at Fáfñir skyldi skipta gullinu í helminga með þeim; Fáfñir svarar svá, at lítil ván var, at hann myndi miðla gullit við bróður sinn, er hann drap fōður sinn til gullzins, ok það Reginn fara braut, en at oðrum kosti myndi hann fara sem Hreidmarr.

Fáfñir hafði þá tekit hjálm, er Hreidmarr hafði átt, ok setti á hōfuð sér, er kallaðr var ægishjálmr, er ǫll kvikvendi hræðask er sjá, ok sverð þat, er Hrotti heitir. Reginn hafði þat sverð, er Refill er kallaðr; flýði hann þá braut, en Fáfñir fór upp á Gnitahéiði ok gerði sér þar ból ok brásk í ormslíki ok lagðisk á gullit, en Reginn fór þá til Hjálpreks konungs á þjóði ok gerðisk þar smiðr hans. Þá tók hann þat til fōstrs Sigurð, son Sigmundar, sonar Vōlsungs, ok son Hjōrðisar, dóttur Eylima. Sigurðr var ágaætastr allra herkonunga af ætt ok afli ok hug. Reginn sagði honum til, hvar Fáfñir lá á gullinu, ok eggjaði hann at sækja gullit. Þá gerði Reginn sverð þat, er Gramr heitir, er svá var hvast, at Sigurðr brá niðr í rennanda vatn, ok tók í sundr ullarlagð, er rak fyrir strauminum at sverðsegginni; því næst klauf Sigurðr steðja Regins ofan í stokkinn með sverðinu. Eptir þat fóru þeir Sigurðr ok Reginn á Gnitahéiði, þá gróf Sigurðr grōf á veg Fáfñis ok settisk þar í. En er Fáfñir skreid til vats ok hann kom yfir grōfna, þá lagði Sigurðr sverðinu í gōgnum hann, ok var þat hans bani. Kom þá Reginn at ok sagði, at hann hefði drepit bróður hans, ok baud honum þat at sætt, at hann skyldi taka hjarta Fáfñis ok steikja við eld, en Reginn lagðisk niðr ok drakk blōð Fáfñis ok lagðisk at sofa. En er Sigurðr steikði hjartat ok hann hugði, at fullsteikt myndi, ok tók á fingrinum, hvé hart var, en er frauðit rann ór hjartanu á fingrinn, þá brann hann ok drap fingrinum í munn sér, en er hjartablōdit kom á tunguna, þá kunn hann fuglsrōdd ok skildi, hvat iðurnar sōgðu, er sátu í viðnum; þá mælti ein:

þar sitr Sigurðr
sveita stokkinn,
Fáfñis hjarta
við funa steikir;
spakr þœtti mér
spillir bauga,
ef fjōrsega
fránan æti.

þar liggR Reginn, — kvað ǫnnur —
ræðr um við sik,
vill tæla mōg,
þanns trúir hōnum;
berr af reidi
rōng orð saman,
vill þōlvasmiðr
bróður hefna.

þá gekk Sigurðr til Regins ok drap hann, en síðan til hests síns, er Grani heitir,

ok reid til er þess hann kom til bóls Fáfnis, tók þá upp gullit ok batt í klyfjar ok lagði upp á bak Grana ok steig upp sjálfr ok reid þá leið sína.

Þá reid Sigurðr til þess, er hann fann á fjallinu hús; þar svaf inni ein kona ok hafði sú hjálm ok brynju. Hann brá sverðinu ok reist brynjuna af henni; þá vaknaði hon ok nefndisk Hildir; hon er kǫlluð Brynhildir ok var valkyrja. Sigurðr reid þaðan ok kom til þess konungs, er Gjúki hét; kona hans er nefnd Grímhildir; börn þeira vǫru þau Gunnarr, Hogni, Guðrún, Guðný; Gotthormr var stjúpson Gjúka. Þar dvalðisk Sigurðr langa hrið; þá fekk hann Guðrúnar Gjúkadottur, en Gunnar ok Hogni sórusk í bræðralag við Sigurð. Því næst fóru þeir Sigurðr ok Gjúka-sönir at biðja Gunnari konu til Atla Budlasonar Brynhildar, systur hans. Hon sat á Hindafjalli ok var um sæl hennar vafrogi, en hon hafði þess heit strengt, at eiga þann einn mann, er þorði at ríða vafrognann. Þá ridu þeir Sigurðr ok Gjúkungar — þeir eru ok kallaðir Niflungar — upp á fjallit, ok skyldi þá Gunnarr ríða vafrognann; hann átti hest þann, er Goti heitir, en sá hestr þorði eigi at hlaupa í eldinn. Þá skiptu þeir litum Sigurðr ok Gunnarr ok svá nofnum, þvíat Grani vildi undir engum manni ganga nema Sigurði. Þá hljóp Sigurðr á Grana ok reid vafrognann; þat kveld gekk hann at brúðhlaupi með Brynhildi. En er þau kómu í sæing, þá dró hann sverðit Gram ór slíðrum ok lagði í milli þeira. En at morni þá er hann stóð upp ok klæddi sik, þá gaf hann Brynhildi at línfé gullbauginn, þann er Loki hafði tekit af Andvara, en tók af hendi henni annan baug til minja. Sigurðr hljóp þá á hest sinn ok reid til féлага sinna; skipta þeir Gunnarr þá aprt litum ok fóru heim til Gjúka með Brynhildi.

Sigurðr átti tvau börn með Guðrúnu, Sigmund ok Svanhildi. Þat var eitt sinn, at Brynhildir ok Guðrún gengu til vats at bleikja hadda sína. Þá er þær kómu til árinna, þá óð Brynhildir út á ána frá landi ok mælti, at hon vildi eigi bera í höfuð sér þat vatn, er rynnir ór hári Guðrúnu, þvíat hon átti búanda hugaðan betr. Þá gekk Guðrún á ána eptir henni ok sagði, at hon mátti fyrir því því ofarr sinn hadd í ánni, at hon átti þann mann, er eigi Gunnarr ok engi annarr í veröldu var jafnfrœkn, þvíat hann vá Fáfni ok Regin ok tók arf eptir báða þá. Þá svarar Brynhildir: „meira var þat vert, er Gunnarr reid vafrognann, en Sigurðr þorði eigi“. Þá hló Guðrún ok mælti: „ætlar þú, at Gunnarr ridi vafrognann; sá ætlak at gengi í rekkju hjá þér, er mér gaf gullbaug þenna, en sá gullbaugr, er þú hefir á hendi ok þú þátt at línfé, hann er kallaðr Andvaranautr, ok ætlak, at eigi sótti Gunnarr hann á Gnitahéidi“. Þá þagnaði Brynhildir ok gekk heim. Eptir þat eggjaði hon Gunnar ok Hogni at drepa Sigurð, en fyrir því at þeir vǫru eidsvarar Sigurðar, þá eggjuðu þeir til Gotthorm bróður sinn, at drepa Sigurð; hann lagði Sigurð sverði í gognum sofanda, en er hann fekk sárit, þá kastaði hann sverðinu Gram eptir honum, svá at sundr sneid í midju manninn; þar fell Sigurðr ok sonr hans þrétvtr, er Sigmundr hét, er þeir drápu. Eptir þat lagði Brynhildir sik sverði ok var hon brend með Sigurði, en Gunnarr ok Hogni tóku þá Fáfnis-arf ok Andvaranaut ok réðu þá lǫndum. Atli konungr Budlason, bróðir Brynhildar, fekk þá Guðrúnar, er Sigurðr hafði átta,

ok áttu þau börn. Atli konungr bauð til sín Gunnari ok Högna, en þeir fóru at heimboðinu. En áðr þeir fóru heiman, þá fálu þeir gullit Fáfnis-arf í Rín, ok hefir þat gull aldri síðan fundizk. En Atli konungr hafði þar lið fyrir ok bardisk við þá Gunnar ok Högna, ok urðu þeir handteknir; lét Atli konungr skera hjarta ór Högna kykum; var þat hans bani; Gunnari lét hann kasta í ormgard, en honum var fengin leyniliga harpa ok sló hann með tánum, þvíat hendr hans váru bundnar. En svá lék hann hǫrpuna, svá at allir ormarnir sofnuðu, nema sú naðra, er rendi at honum ok hjó svá fyrir flagbrjóskat, at hon steypði hǫfðinu inn í holit ok hangði hon á lifrinni, þar til er hann dó.